

HAFNARFJARDARBÆR



www.hafnarfjordur.is



3. fundur Starfshóps um Ásvelli, haldinn á Ásvöllum, þann 9. október 2018, kl. 16:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður
Anna Karen Svövudóttir
Jón Garðar Snædal Jónsson
Samúel Guðmundsson
Águst Sindri Karlsson

forföll

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu
Geir Bjarnason	Íþróttá- og tómstundarfulltrúi
Rósa Steinrímsdóttir	Sviðsstjóri fjármálasviðs forföll
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Húsrýmisáætlun og staðsetning Knatthúss

Farið var yfir mögulega staðsetningu knatthúss og rætt um stærð hússins, lögð var fram skýrsla KSÍ, knattspyrna allan ársins hring – uppbygging knattspyrnuhúsa- frá 1996. Starfshópurinn samþykkir að knatthúsið verði í fullri stærð og sé einangrað í þaki og sé með lágmarkshita innanhúss yfir 10 gráður. Þá var rætt um þörf á búningsklefum þegar knatthúsið rís, en í dag er þegar skortur á búningsklefum, það verður skoðað betur á næsta fundi starfshópsins.

2. Deiliskipulag

Í viljayfirlýsingu milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar kemur eftirfarandi fram:
„Jafnframt mun Knattspyrnufélagið Haukar afsala sér lóðarskika, vestan íþróttamiðstöðvar, til bæjarins og mun núverandi lóð Knattspyrnufélagsins Hauka því minnka til samræmis við það. Aðilar eru sammálá um að umræddur lóðarskiki verði ætlaður til annarra nota en byggingu íþróttamannvirkja.“
Í samræmi við viljayfirlýsinguna er starfshópurinn sammála um að vísa þesum hluta verkefnissins áfram til skipulags- og byggingarráðs. Fulltrúar Hafnarfjarðar og Hauka munu vinna að málinu með skipulagsfulltrúa.

3. Önnur mál

Verið er að bíða eftir svörum frá HS vegna háspennulínu við friðlýsta svæðið.

4. Næsti fundur

Næsti fundur verður þriðjudaginn 16. október að Ásvöllum, kl. 16:00, en fara á í skoðunarferð í Kópavog og Reykjanesbæ..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:20

Sigurður Haraldsson

